

BLÁFJALLANEFND

Ár 2002. Þriðjudaginn 29. okt. var haldinn 223. fundur Bláfjallanefndar. Fundurinn var haldinn í Skálafelli og hófst kl. 17:40. Viðstaddir voru: Formaður Ingvar Sverrisson, Ragnar Örn Pétursson, Páll Ármann Eggertsson, Páll Grétarsson, Sigurður Guðmundsson, Ingi Þór Hermannsson, Ragnar Sigurðsson, Vilhjálmur Ólafsson og Hildur Jónsdóttir.

Jafnframt: Þorsteinn Hjaltason forstöðumaður, Haukur Þorsteinsson forstöðumaður og Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri.

Fundarritari: Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Reykjanesbæjar dags. 1. október þar sem tilkynnt er að Ragnar Örn Pétursson verði aðalmaður í Bláfjallanefnd og Stefán Bjarkason varamaður.
2. Lagt fram bréf Ölfushrepps þar sem fram kemur ósk um viðræður við Bláfjallanefnd um úrsögn hreppsins úr nefndinni.
3. Fundargerðir Bláfjallanefndar.
Samþykkt að senda þær til nefndarmanna áður en þær fara á vefinn.
4. Lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 24. okt. sl. þar sem fram kemur að bæjarráð samþykki þjónustusamning um skíðasvæðin.
5. Rætt um stöðu mála varðandi sameiningarmál skíðasvæða.
6. Lagðar fram fundargerðir rekstrarstjórnar nr. 37 og 38. Hildur Jónsdóttir gerði eina athugasemd.
7. Unglingameistaramót 2003 í Bláfjöllum.
Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir upplýsingum frá Skíðadeild Breiðabliks. Frestað.
8. Lagt fram bréf ÍTR dags. 8. okt. sl. varðandi framtíðarskipan skíðamála þar sem fram kemur að skipaður hafi verið viðræðuhópur til að fara yfir mál skíðadeilda félaganna í Reykjavík. Í hópnum sitja framkvæmdastjóri ÍTR, formaður ÍTR, framkvæmdastjóri Bláfjallanefndar og formaður Bláfjallanefndar.
9. Lagt fram bréf Skíðaráðs Reykjavíkur dags. 28. okt. sl. varðandi aðstöðu fyrir alþjóðleg mót á Framsvæðinu og ýmsar úrbætur sem óskað er eftir að fram fari á svæðinu.
Vísad til rekstrarstjórnar.
10. Rætt um fyrirhugaða kynnisferð nefndarmanna á skíðasvæði í Austurríki.
11. Páll Ármann Eggertsson var með athugasemdir varðandi akstur á vegum nefndarinnar í Bláfjöll.

12. Ingi Þór Hermannsson ræddi um hlutverk nefndarinnar og nefndarmanna.
13. Forstöðumaður Skálafells fór í skoðunarferð með nefndarmenn um svæðið.

Fundi slitið kl. 19:30

Ingvar Sverrisson

Ragnar Örn Pétursson
Ingi Þór Hermannsson
Páll Ármann Eggertsson
Vilhjálmur Ólafsson

Hildur Jónsdóttir
Ragnar Sigurðsson
Páll Grétarsson
Sigurður Guðmundsson